

Nr. 29/1896:

Sigurður Bjarnason
gegn
Ingvari Ingvarssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu lögsótti í hjerði hinn stefndi Ingvar Ingvarsson í Kalmanstjörn áfrýjandann Sigurð Bjarnason, söðlasmið í Reykjavík, til greiðslu andvirðis fyrir nokkuð af harðfiski, sem áfrýjandinn hafði veitt móttöku frá stefnda sumarið 1893 og lofað að bjóða til sölu fyrir hann, og var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 4. júní þ. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda sem andvirði fisksins 129 kr. 23 a. að frádregnum 20 kr. 50 a., er stefndi viðurkenndi, að hann skuldaði áfrýjanda og samþykkti að kæmi til frádráttar, og 9 kr. 50 a., er áfrýjandi reiknaði sjer sem kostnað við heimkeyrslu og geymslu fisksins og sem sölulaun, eða alls 99 kr. 23 a., með 5% vöxtum á ári frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður skyldi falla niður. Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. júní þ. á. og krafizt þess, að hann verði að eins dæmdur til að skila andvirði þess af fiskinum, er honum hafi tekizt að selja, 45 kr. 48 a., að frádregnum 30 kr. (fyrgreindum 20 kr. 50 a. + 9 kr. 50 a.) eða alls 15 kr. 48 a., en *til vara*, að hann auk þessarar upphæðar verði dæmdur til að greiða að eins 5–8 aura fyrir hvert pund af fiski þeim, er hann eigi gat selt, og að málskostnaður verði látinn falla niður. Hinn stefndi hefur

aptur á móti krafizt staðfestingar á hinum áfrýjanda dómi og málskostnaðar.

Áfrýjandinn hefur í málinu kannazt við að hafa tekið á móti frá stefnda 3¹/₄ skpd. af harðfiski, er hann lofaði að geyma fyrir hann í húskjallara sínum og bjóða til sölu þeim er hafa vildu fyrir það verð, er fengizt gæti, og hefur hann skýrt svo frá, að hann hafi selt af fiskinum 100 pd. á 15 a., 230 pd. á 12 a. og 36 pd. á 8 a., eða samtals 366 pd. fyrir 45 kr. 48 a. Þessa upphæð hefur hann því í undirrjettinum verið rjettilega dæmdur til að greiða stefnda. Um hitt annað af harðfiskinum hefur áfrýjandi gefið þá skýrslu, að hann hafi afhent af því 210 pd. eptir ráðstöfun stefnda, en 464 pd. hafi hann eigi getað komið út fyrir neitt verð og hafi hann orðið að moka þeim út úr kjallaranum vorið eptir sem allsendis ónýtum. Stefndi hefur eindregið neitað því, að þessi skýrsla áfrýjanda væri sönn og hefur áfrýjandi þó eigi getað fært fram neinar sannanir til stuðnings henni, og þar sem áfrýjandi þannig eigi hefur getað gjört nægilega grein fyrir, hvað orðið hafi af þeim 674 pd. af harðfiskinum, er hjer er um að ræða, verður hann að skyldast til að svara stefnda andvirði þeirra, og þykir rjett að ákveða það 12 aura fyrir pundið, því að þetta verð fjekk áfrýjandi eptir skýrslu hans sjálfs fyrir meginíð af fiski þeim, sem hann seldi, og verður þetta fyrir 674 pd. fisks 80 kr. 88 a. Samkvæmt þessu verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda sem andvirði fisksins 45 kr. 48 a. + 80 kr. 88

a. ÷ 30 kr. = 96 kr. 36 a. og ber því að staðfesta undirrettardóminn með þessari breytingu. Sem málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða stefnda 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo, að skuldarupphæðin ákveðst 96 kr. 36 a. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn Sigurður Bjarnason stefnda Ingvari Ingvarssyni 20 krónur.

Dóminum að tullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 23/1896:

Carl J. Guðmundsson
gegn

Birni Stephánsyni.

D ó m u r :

Með dómi sýslumannsins í Suður Múlasýslu, uppkveðnum 27. sept. f. á., var áfrýjandinn verzlunarstjóri á Búðum í Fáskrúðsfirði Carl J. Guðmundsson dæmdur fyrir ærumeidandi orð við stefnda Björn bónda Stephánsson í Dölum í Fáskrúðsfirði í 40 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 12 daga einfalt fangelsi, og hin ærumeidandi orð voru dæmd dauð og ómerk. Svo skyldi og áfrýjandinn greiða stefnda í málskostnað 39 kr. 60 a. En dómi þessum, sem birtur var áfrýjandanum 4 nív.